

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Sveitarfélaginu Árborg.

Miðbær Selfoss, deiliskipulagsbreyting.

Bæjarráð Sveitarfélagsins Árborgar samþykkti á fundi sínum þann 8. júlí 2021, tillögu að deiliskipulagsbreytingu fyrir miðbæ Selfoss. Helstu breytingar eru að nokkrar götur fá ný heiti, c-gata fellur út af skipulagi og lóðamörkum og húsnúmerum er víða breytt. Bílastæðahús aftan við Eyraveg 3-7 er stækkað og inn- og útkeyrsla er frá Kirkjuvegi. Heimilt er að hafa bílastæðahús hálfniðurgrafið. Einstefnu er breytt á Miðstræti og verður frá austri til vesturs. Bílakjallari á Miðstræti 6 er stækkaður undir allan byggingarreitinn.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Selfossi, 27. ágúst 2021.

F.h. bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Árborgar,
Anton Kári Halldórsson skipulagsfulltrúi.